

Forvarnarteymi grunnskólanna – 4. fundur

1. des 2022 kl. 14:00

Mættir voru: Ólína skólastjóri, Anna Kristín sérkennari, Helga Helgadóttir kennari, Guðný skólahjúkrunarfræðingur, Garðar Geirfinnsson deildarstjóri náms og kennslu, Hildur Þóra Friðriksdóttir félagsþjónustu Ölfus og Jónína aðstoðarskólastjóri.

1. Áherslur skólaárið 2022-2023

Skólastjóri lagði til að endurskoðun á forvarnarstefnu skólans verði verkefni vetrarins þ.a. :

- a. Skýr forvarnarstefna um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni verði fyrir hendi innan skólans.
- b. Kennsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni verði tryggð í öllum árgöngum.

Hafa ber í huga við endurskoðunina að fræðsla um ofbeldi getur verið í kjölfar kynfræðslu þ.a. fyrst sé farið yfir það sem er heilbrigt og eðlilegt síðan hið gagnstæða. Fundarmenn tóku vel í hugmyndi skólastjóra og var ákveðið að skipta fundarmönnum í hópa til að ræða forvarnaráætlunina og síðuna <http://stoppofbeldi.namsefni.is>

Hugmyndir hópa voru yfirfarnar í ljósi þess sem betur mátti fara í forvarnaráætlun skólans. Eftirtalda þætti má bæta inn í áætlunina.

Í stórum dráttum má segja að yfirgripsmest sé fræðslan á yngsta stigi. Frá 5. bekk og uppúr, vantar mikið efni og er það frekar tilviljanakennt nema í 7. og 9. bekk þar er markviss kynfræðsla. Virkja þarf krafta krakkanna í kennslunni þannig að ekki verði bara einstefnumiðlun. Kynþroski barna hefur færst neðar í aldri og því mikilvægt að byrja umfjöllun fyrr t.d. í 3. bekk. Á það er bent að athuga þurfi hvort það er verið að fara eftir áætluninni því orð á blaði gera lítið gagn.

Í áætlun 1. bekkjar vantar frekari umfjöllun um líkamann og að setja sig í spor annarra. Í áætlun 2. bekkjar vantar meira um tilfinningar og líðan. Í 3. bekk vantar tilfinnanlega fræðslu um kynþroskaskeiðið og líkamsbreytingar. Einnig þarf að uppfæra kynin. Í 4. bekk vantar efni um mörk og klám. Í 5. bekk virðist alveg vanta umfjöllun um kynfræðslu. Fundarmenn sammála um að endurtekning á efnispáttum sé nauðsynleg og sé það mikilvægasta í raun. Aldur og þroska nemenda þarf alltaf að hafa í huga þegar fjallað er um mörk og klám.

Næstu skref verða unnin á stigsfundum. Hvert stig fer yfir forvarnaráætlun - setur inn í sérstakt plagg hvað er verið að gera varðandi: kynfræðslu, kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.25

Jónína Magnúsdóttir